

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Hinn 30. janúar sl. óskaði fjárlaganefnd eftir því að efnahags- og viðskiptanefnd veitti umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022. Efnahags- og viðskiptanefnd hefur kynnt sér málið og fengið á sinn fund Gunnar Haraldsson og Axel Hall úr fjármálaráði.

Nefndin tekur undir ábendingar fjármálaráðs um mikilvægi þess að fjármálastefna endurspegli fyrirætlanir stjórnvalda um þróun opinberra fjármála með hliðsjón af hagspám og minnir á að stefnunni er ætlað að standa óbreytt út kjörtímabilið. Í álitargerð fjármálaráðs um þingsályktunartillöguna segir m.a.: „Þetta þýðir að stefnumál þau sem ríkisstjórn hefur lagt fram og hafa efnahagsleg áhrif verða að endurspeglast í stefnunni með endurvarpi til og frá hagspá. Framsetning fjármálastefnu krefst að tekið sé mið af fjárhagslegum og efnahagslegum áhrifum af áformum stjórnvalda og gerir ríka kröfu um gagnsæi hvað varðar hver þessi áform eru, áhrif þeirra og hvernig þau birtast. Rétt er að benda á að sú þjóðhagsspa sem liggur að baki framlagðri fjármálastefnu var gerð í nóvember síðastliðnum, þ.e. áður en gengið var frá stjórnarsáttmálanum. Það liggur því í hlutarins eðli að spáin tekur ekki tillit til breyttra stefnumiða sem ný stjórnvöld hafa sett sér.“

Nefndin er sammála ábendingum um nauðsyn þess að bæta samspil spágerðar og stefnu. Einnig deilir nefndin áhyggjum fjármálaráðs af þeirri einsleitni sem gætur í haglíkönum og spágerð á Íslandi.

Nefndin beinir því til fjárlaganefndar og fjármála- og efnahagsráðherra að beita sér fyrir því að framsetningu fjármálastefnunnar verði breytt þannig að markmið séu sett fram í bilum sem séu skilyrt og uppfylli grunnildis og fjármálareglur. Nefndin tekur þannig undir með fjármálaráði sem segir í álitargerð sinni m.a.: „Lögin um opinber fjármál segja að markmiðin skuli vera á formi hlutfallstölu af vergri landsframleiðslu. Lögin kveða ekki á um hvort það form skuli vera ein tala, bil eða hve nákvæm framsetning tölugildisins sé, t.d. hvort það skuli sett fram með einum aukastaf eða ekki. Þá fæli framsetning án aukastafs í sér bil þar sem um námundun væri að ræða. Einnig þarf að huga að því að markmiðin eru ekki sett fram í einangrun heldur eru færð rök fyrir þeim í greinargerðinni.“

Nefndin tekur að öðru leyti ekki efnislega afstöðu til tillögunnar í þessari umsögn en mun í umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fjalla sérstaklega um þjóðhagsforsendur fjármálastefnunnar.

Alþingi, 20. febrúar 2018.

Óli Björn Káráson, form.
Bryndís Haraldsdóttir.
Brynjar Níelsson.
Helgi Hrafn Gunnarsson.
Oddný G. Harðardóttir.
Ólafur Þór Gunnarsson.
Silja Dögg Gunnarsdóttir.
Þorsteinn Víglundsson.